

Grunnskólinn á Bakkafirði

Vinnustofur – leikur að möguleikum

Lokaskýrsla vegna þróunarverkefnis veturinn 2014-2015



Verkefnastjórar: María Guðmundsdóttir og Bylgja Dögg Sigurbjörnsdóttir

Efnisyfirlit

Þakkir	2
Inngangur	3
Markmið verkefnis samkvæmt umsókn:	4
.....	5
Áætlaður afrakstur verkefnisins	5
Leiðir sem valdar voru til þess að ná markmiðum:	6
<i>Lykilhæfin er almenn hæfni nemandans</i>	7
<i>Ef við horfum til þeirra tólfráttanna sem talað er um, eiga nemendur að:</i>	8
Frávík miðað við áætlun verkefnisins:	9
Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins:	10
Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu	10
Mat á verkefninu samkvæmt umsókn.....	11
Hefur verkefnið, eða mun það hafa áhrif á skólastarfið í heild?	11
Niðurstöður verkefnisins	12
Náðust markmiðin? Hvað er til marks um það	12
Heldur verkefnið áfram innan skólans eða í öðrum skólum?	13
Kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum.....	13
Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um.....	14
Heimildir	14

Nafn skóla: Grunnskólinn á Bakkafirði

Nafn verkefnis: Vinnustofur – leikur að möguleikum

Nafn verkefnisstjóra: María Guðmundsdóttir og Bylgja Dögg Sigurbjörnsdóttir

Verkefnið hlaut styrk: 2014-2015

Þakkir

Til stjórnar Sprotasjóðs

Þessi skýrsla er unnin samkvæmt ramma Sprotasjóðs og til þess að auðveldara sé að gera sér grein fyrir vinnu nemenda og verkefnum verður skýrslan skreytt myndum. Skýrslan verður birt á heimasíðu skólans og eins verður hún notuð við kynningar á verkefninu.

Fyrir hönd starfsfólks og nemenda í Grunnskólanum á Bakkafirði vil ég þakka stjórn Sprotasjóðs kærlega fyrir styrkveitinguna. Hún gerði okkur kleift að þróa og bæta kennsluaðferð okkar Vinnustofur - leikur að möguleikum og koma markmiðum okkar í framkvæmd. Þessi vinna hefur opnað ótal möguleika og skapað góð tækifæri.

Kærar þakkir

María Guðmundsdóttir

Inngangur

Vorið 2012 kom Arnfríður Aðalsteinsdóttir skólastjóri Grunnskólans á Þórshöfn, að máli við okkur og bauð okkur að taka þátt í verkefni sem snéri að þróun kennsluaðferða og breyttum kennsluháttum. Við þáðum það með þökkum. Ingvar Sigurgeirsson, prófessor við Kennaradeild Háskóla Íslands, sem stýrði þessu verkefni sagði okkur frá því góða starfi sem unnið var í Hlíðarskóla á Akureyri og þróunarstarfi í Framhaldsskólanum á Laugum. Þessi verkefni urðu kveikjan að okkar verkefni.

Við höfðum lengi haft áhyggjur af áhugaleysi nemenda á samfélags- og náttúrufræðigreinum. Okkur fannst nemendur áhugalausir og fljótir að gleyma því sem kennt var. Við vildum losna við svokallaðan páfagaukalærdóm. Við vissum að styrkur nemenda okkar í list- og verkgreinum var mikill og því ákváðum við að samþætta þessar námsgreinar. Við lögðum 11 kennslustundir á viku í þetta verkefni. Þetta voru kennslustundir sem annars fóru í náttúrufræði, samfélagsfræði og listir. Við ákváðum strax að hafa nemendur með í ráðum. Strax haustið 2012 var verkefnið kynnt fyrir nemendum og niðurstaðan varð sú að þeir fengu að stýra verkefnunum á móti okkur kennurum til skiptis. Kennarar réðu fyrsta verkefninu og nemendur því næsta og svo koll af kolli. Í öllum tilvikum fengu nemendur að ráða hvernig þeir stæðu að verkefnaskilum. Nemendur voru beðnir um að nefna allt sem fallið gæti undir námsgreinarnar, þarna voru nemendur í raun og veru að búa til sína eigin námskrá. Nemendur flokkuð síðan hugmyndirnar niður. Ákveðið var að hvert verkefni tæki 2-4 vikur. Öll verkefni enduðu á skilum þar sem nemendur buðu foreldrum og íbúum staðarins í heimsókn. Krafa er gerð á nemendur að þeir þurfi sjálfir að undirbúa sína kynningu.

Veturinn 2014-2015 er þriðji veturinn sem unnið er í Vinnustofum. Enn erum við jafn sannfærðar um að við séum að gera rétt. Við sjáum nemendur blómstra og sýna hliðar sem við vissum ekki að þeir ættu til. Þær breytingar urðu í vor að við ákváðum að setja tímamörk á verkefni. Tíminn sem fór í hverja vinnustofu lengdist alltaf og nemendur báðu sífellt um frest, mikið var um leyfi og veikindi nemenda í vetur sem gerði það að verkum að nemendur þurftu lengri tíma. Þetta var orðið of mikið. Við ákváðum að hver vinnustofa myndi taka

tvær vikur og það væri á ábyrgð nemandans að skila sínu verkefni til kennara. Nemandi sem fékk leyfi þurfti sjálfur að skipuleggja sitt nám og skila á réttum tíma. Einnig var tekin ákvörðun um að vinna tvær vinnustofur og halda kynningu að því loknu. Þannig að nemendur kynna báðar vinnustofur, við lok hvers mánaðar. Þá verður ein stór kynning í stað tveggja. Með þessu erum við að vonast efir að fleiri gestir komi á kynningar nemenda. Okkur þætti gaman að geta gert meira úr þeim dögum sem nemendur kynna verkefni sín og jafnvel boðið upp á veitningar.

Áhugi Ingvars Sigurgeirssonar á starfi okkar var okkur mikill styrkur

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn:



Markmið með verkefninu eru:

- Efla læsi
- Flétta saman list- og verkgreinar við vinnu í náttúrfræði og samfélagsfræði
- Örva sjálfstæða og gagnrýna hugsun nemenda
- Að nemendur hafi val og geti unnið með verkefni sem vekja áhuga þeirra
- Að auka fjölbreytni og möguleika á því að nemendur hafi val um það hvernig þeir skili af sér verkefnum
- Nemendur fái þjálfun í öflun upplýsinga, greiningu á þeim, túlkun og miðlun
- Að vinna með raunverulegar aðstæður og alvöru verkefni

Þetta er verkefni sem á erindi við alla unglunga. Það er því miður oft þannig að nemendur á unglingastigi vinna nær eingöngu í bókum og litlir möguleikar eru á sköpun og lifandi verkefnum.

Við höfum fengið mikil og góð viðbrögð við þessu verkefni og eigum við það Ingvari Sigurgeirssyni að þakka. Hann hefur stutt vel við bakið á okkur og það hefur orðið til þess að aðrir skólar hafa sýnt verkefninu mikinn áhuga. Við viljum fara með þetta verkefni okkar í aðra skóla og margir skólar hafa sýnt þessu áhuga. Eins viljum við koma á fót heimasíðu þar sem er að finna helstu upplýsingar.



Áætlaður afrakstur verkefnisins

Var sá að:

- Vinnustofur yrðu notaðar í öðrum öðrum skólum og að við myndum ná að kynna verkefnið fyrir sem flestum í nær samfélagi okkar. Við teljum okkur hafa náð þessu markmiði. Skólar hafa mikið samband og óskað eftir upplýsingum. Við höfum töluvert gert af því að kynna verkefnið fyrir starfsfólki annara skóla.
- Útbúin yrði heimasíða fyrir skólann þar sem ítarlegar upplýsingar er að finna um vinnustofur og verkefni tengd þeim. Heimasíðan komst í gagnið í nóvember. Þetta er heimasíða skólans þar sem allar upplýsingar um vinnustofur er að finna.
- Útbúnir yrðu bæklingar sem fólk gæti fengið til eignar. Þetta breyttist töluvert í ferlinu. Við fórum frá því að gera einblöðunga yfir í að útbúa plöstuð spjöld sem geymdu upplýsingar um hverja vinnustofu fyrir sig.
- Auka og bæta námsmatið. Við breyttum námsmatinu, nokkuð og fórum meira út í jafningjamat og sjálfsmat. Nemendur okkar voru fyrsta veturinn svolítið fastir í því að þurfa að fá einkunn í tölustöfum. En sættu sig fljótlega við námsmatið. Hins vegar er sú staða komin upp að nemendur sækjast ekki eftir námsmati. Þeir vita hvað þeir

gera vel og þurfa ekki okkar viðurkenningu á því. Þeir vita líka hvað það er sem þeir þurfa að gera betur. Þessi þörf nemandans fyrir að fá viðurkenningu annarra á vinnu sinni er horfin.



Leiðir sem valdar voru til þess að ná markmiðum:

Við undirbúning og skipulagningu var horft til lykilhæfnipáttanna, við vildum að nemendur ættu auðvelt með að tjá sig og gætu kynnt verkefni sín fyrir öðrum og ættu auðvelt með að koma fram. Nemendur áttu með þessu að læra að bera ábyrgð á eigin námi og geta metið eigin vinnu og vinnu annarra. Nemendur áttu að leita heimilda á miðlum, í bókum með viðtölum við annað fólk. Lögð var rík áhersla á það að nemendur væru skapandi í sinni vinnu og færu ólíkar leiðir við skil á verkefnum. Nemendur unnu bæði einstaklingsvinnu og hópavinnu.

Með þessu viljum við ýta undir forvitni og tilraunir og leyfa nemendum að fara eigin leiðir við verkefnavinnu og skil verkefna. Við viljum fara frá því að vera eingöngu í miðlunarhlutverki yfir í það að leyfa nemendum að ráða ferðinni, leita nýrra leiða, spyrja spurninga og komast að eigin niðurstöðu. Nemandinn á að vera fær um að afla þekkingar og leikni eftir margvísnum leiðum. Nemandi á að geta unnið að verkefnum sínum eftir sinni eigin getu og sínum hæfileikum.

Öll erum við misjöfn og styrkur hvers nemandans á að fá að njóta sín. Því nemandi sem þekkir eigin styrkleika og veikleika er fær um að taka ákvarðanir um þær leiðir sem gefa honum bestu og gagnlegustu niðurstöðuna. Náms hæfni er undirstöðupáttur í skólalífinu.

Markmið okkar er að nemandinn læri og njóti þess að læra. Hafi sjálfstæða hugsun og geti komið fram af öryggi.

Samkvæmt nýrri Aðalnámskrá leik-, grunn- og framhaldsskóla frá 2011/2013 er öllum skólum ætlað að styðja við lykilhæfni nemenda. (Mennta- og Menningarráðuneytið, 2011, bls. 86).



Lykilhæfin er almenn hæfni nemandans

Lykilhæfni í Aðalnámskrá er skipt í eftirfarandi fimm þætti sem allir teljast jafn mikilvægir:

1. **Tjáning og miðlun:** Hæfni nemenda til að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir munnlega, skriflega og á annan hátt. Hæfni til að miðla þekkingu sinni og leikni og flytja mál sitt skýrt og áheyrilega og taka þátt í samræðum og rökræðum.
2. **Skapandi og gagnrýnin hugsun:** Skapandi hugsun og frumkvæði í efnistöfum og úrvinnslu. Hæfni nemenda til að nota þekkingu og leikni, draga ályktanir, sýna áræðni til að leita nýrra lausna og beita gagnrýninni hugsun og röksemdafærslu.
3. **Sjálfstæði og samvinna:** Hæfni til að vinna sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn.
4. **Nýting miðla og upplýsinga:** Hæfni nemenda til að nýta margvíslega miðla í þekkingarleit, úrvinnslu og miðlun og nýta upplýsingarnar á ábyrgan, skapandi og gagnrýninn hátt.
5. **Ábyrgð og mat á eigin námi:** Hæfni nemenda til að bera ábyrgð á eigin námi og leggja mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu.



Ef við horfum til þeirra tólf þátta sem talað er um, eiga nemendur að:

- Sýna gagnrýna hugsun
- Sýna frumkvæði
- Sýna áræðni
- Geta miðlað þekkingu og leikni
- Vinna sjálfstætt og í samstarfi við aðra
- Geta tjáð sig
- Nota þekkingu og leikni
- Draga eigin ályktanir
- Bera ábyrgð á eigin námi
- Nýta miðla á ábyrgan, skapandi og gagnrýninn hátt
- Leggja mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu
- Geta haldið uppi samræðum rökræðum

Við teljum að með vinnustofum nái nemandinn að tileinka sér þessa 12 þætti.



Frávik miðað við áætlun verkefnisins:

Í upphafi stóð til að hafa samstarf við unglingastig á Þórshöfn, því miður gekk það ekki eftir, þar sem að það rúmaðist ekki í töflu. Við vonumst eftir samstarfi næsta vetur þar sem nemendur frá Þórshöfn koma jafnvel til okkar.

Í áætlun kom fram að við myndum kynna vinnustofur í Grunnskólanum á Þórshöfn, því miður varð ekki úr því, þar sem þeir óskuðu ekki eftir innleiðingu á verkefninu. Vopnafjarðarskóli hafði samband við okkur stuttu seinna. Mikill áhugi var á vinnustofum og ákváðum við því að halda kynningu fyrir þá í staðinn. Sú kynning gekk mjög vel og vilja þeir að við komum og hjálpum þeim að setja upp vinnustofur hjá þeim.

Vinnan við bæklingana breyttist töluvert, við fórum af stað með þá hugmynd að gera einblöðunga sem fólk gæti fengið til eignar. Eftir miklar vangaveltur ákváðum við að breyta því og gerum núna plastað spjald um hverja vinnustofu, þar sem fram koma hugmyndir, markmið og myndir af verkefnum nemenda. Við fjárfestum einnig í hringjum sem vinnuspjöldin raðst svo á. Við teljum að með þessu sé auðveldara að halda utan um verkefni og þau lenda síður í ruslinu. Auðvelt er líka að bæta við eftir því sem verkefnum fjölga.

Við náðum því miður ekki að þýða vinnuspjöldin „bæklingana“ á ensku og pólsku eins og gert var ráð fyrir. En í því verður unnið í sumar.



Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins:

Það sem gerir þessa vinnu fjölbreytta og skemmtilega er um leið tálmi. Vinna nemenda fer mikið fram í tölum og nemendur þurfa að hafa greiðan aðgang að internetinu. Það verður að segjast eins og er að það háir okkur verulega í þessari vinnu, hversu vanbúin við erum tækjum. Þessi vinna krefst þess að nemendur hafi greiðan aðgang að tölum, spjaldtölum og öflugum neti.

Einnig getur það talist hindrun, að á bókasafn Bakkafjarðar hafa ekki verið keyptar nýjar bækur í langan tíma. Hafa því nemendur minni möguleika á að leita sér heimilda í bókum. Nemendur hafa verið að koma með tölur að heiman til að vinna í verkefnum sínum. Við höfum haft áhyggjur af því, þar sem við erum ekki tryggð fyrir þeirra tækjum, ef eitthvað kemur fyrir.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Ávinningur verkefnisins hefur verið margþættur. Verkefnið hefur farið fram úr björtustu vonum, mikill áhugi og metnaður er hjá nemendum. Foreldrar sýna vinnu nemenda mikinn áhuga og taka jafnvel þátt í vinnu nemenda.

Nemendur eru glaðari og áhugasamari í vinnu sinni. Þeir koma með hugmyndir sem við hefðum aldrei látið okkur detta til hugar. Þeir eru skapandi og fróðleiksfúsir. Eiga auðvelt með að koma fram og kynna verkefni sín fyrir gestum. Nemendur á mið og unglingastigi vinna saman í vinnustofum og hefur það gengið vonum fram. Unglingarnir eru hjálpsamir og tillitssamir og leiðbeina þeim yngri. Þirringur og „fordómar“ þeirra eldri í garð yngri barna hefur horfið.

Verkefnið var í upphafi ætlað elstu nemendum skólans en nú hefur það teygst sig niður í 5. bekk.

Við erum lítill skóli úr alfaraleið og fáum sjaldan eða aldrei gesti úr öðrum skólum, en mikil breyting hefur orðið á. Starfsfólk Grunnskóla Hríseyjar kom í heimsókn á vordögum og

fengu kynningu á skólanum okkar og vinnustofuverkefninu. Starfsfólk Grunnskólans í Borgarfirði eystri kom í heimsókn og fékk sambærilega kynningu. Að síðstu kom Brúarásskóli í heimsókn og fékk kynningu á vinnustofunum. Við fengum símtal frá skólastjóra Vopnafjarðarskóla, þar sem hann óskaði eftir kynningu og mögulegu samstarfi á milli skólanna í tengslum við vinnustofur. Við höldum kynningu í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ á verkefninu, við höldum kynningu á verkefninu í Grunnskólanum á Vopnafirði á haustþingi kennara á Austurlandi.

Eftir skólaheimsóknirnar var ákveðið að auka og bæta samstarf á milli þessara skóla.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn

Hefur verkefnið, eða mun það hafa áhrif á skólastarfið í heild?

Megintilgangurinn með þessari breytingu var að innleiða nýja Aðalnámskrá. Þar sem við ákváðum að horfa fyrst og fremst til gunnþáttanna og lykilhæfnipáttanna. Við höfðum verið að með hefbundina kennslu í náttúru- og samfélagsgreinum og vildum breyta til. Breytingarnar voru miklar og hafði það mikil áhrif á skólastarfið í heild. Töluvert hefur dregið úr kaupum á námsbókum. Nemendur eru ekki lengur í páfagaukalærdómi. Nemendur sýna meiri áhuga á náttúru og samfélagsfræði. Foreldrar eru orðnir meiri þátttakendur í skólastarfinu, þeir eru betur upplýstir um það hvað nemendur eru að læra. Skólastarfið er orðið opnara, þar sem við erum búin að fá heimsóknir frá öðrum skólum, einnig koma bæjarbúar á kynningar nemenda, sem áður tóku lítinn sem engan þátt í skólastarfinu.

Við fengum viðurkenningu fyrir nýsköpun í opinberri þjónustu. Alls voru 49 verkefni tilnefnd. Fimm fengu sérstaka viðurkenningu og fékk Grunnskólinn á Bakkafirði eina af þeim, fyrir vinnustofur. Við erum mjög stolt af þessari viðurkenningu. Með þessari viðurkenningu, virðist sem samfélagið viti af okkur, sem breytir skólastarfinu okkar mikið. Allt til hins betra.

Vinnustofur eru að ganga mjög vel og ætlum við að halda áfram með þær. Þær eru í stöðugri þróun og endurmetum við jafnt og þétt það sem betur mætti fara. Nemendur og foreldrar eru duglegir að segja okkur hvað þeim finnst og vinnum við saman úr þeim athugasemdum.



Niðurstöður verkefnisins

Eins og fram hefur komi þá vildum við með þessu þróunarverkefninu breyta kennsluháttum í náttúru- og samfélagsfræði. Við vildum samþætta þessar námsgreinar við listgreinar. Þessu náðum við með því að setja upp Vinnustofur. Kennarar sem vinna að vinnustofum, vinna vel saman. Þar er mikið traust og stuðningur, ekki bara hjá kennurum heldur nemendum líka. Allar hugmyndir eru metnar og teknar til greina.



Náðust markmiðin? Hvað er til marks um það

Við horfðum mikið til grunnþátta og lykilhæfnipátta þegar farið var í þessar breytingar. Við vissum hvernig nemendur við vildum og hefur það gengið vonum fram. Nemendur eru skapandi og fara fjölbreyttar leiðir við vinnu sína. Nemendur sem ekki höfðu sýnt náminu mikinn áhuga blómstruðu í þessari vinnu.

Samkvæmt könnun Skólapúlsins kemur fram að nemendur skólans telja að þeir séu mun virkari í tímum en jafnaldrar þeirra í þátttökuskólum Skólapúlsins. Einnig kemur fram að nemendum finnst samband sitt við kennarann sinn mun betra en í samanburðar-skólunum og nemendur telja sig alltaf fá aðstoð. Samkvæmt Skólapúlsinum eru nemendur jákvæðari í garð náttúrufræði- og samfélagsgreina.

Við sjáum það líka að nemendur eru öruggir og eiga auðvelt með að koma fram og kynna verkefni sín. Nemendur hafa gagnrýna hugsun og leita lausna við vinnu sína. Kennarinn er kominn í hlut ráðgjafa og samskipti nemenda og kennara er meira á jafnréttis grundvelli. Nemendur leita til samnemenda sinna alveg jafnt og til kennara. Eldri nemendur hjálpa þeim yngri og hefur þetta bætt samskipti nemenda.

Nemendur eru orðnir læsir á fleiri en einn miðil, eru öruggir í heimildaleit sinni og kunna að greina á milli öruggra og óöruggra heimilda.

Niðurstöður Skólapúlsins segja okkur að þessi leið vekur áhuga nemenda og þeir eru sáttir

Heldur verkefnið áfram innan skólans eða í öðrum skólum?

Já, verkefnið heldur áfram. Eftir að hafa unnið eftir þessari aðferð teljum við ómögulegt að fara til baka. Við höfum fengið mjög jákvæð viðbrögð við vinnu okkar. Ingvar Sigurgeirsson hefur stutt vel við bakið á okkur og á hann þakkir skilið fyrir allan stuðninginn. Hann hefur verið okkur ráðgjafi og verið ötull við að kynna vinnu okkar.

Verkefnið hefur líka opnað á samskipti við aðra skóla. Á vordögum fengum við þrjá skóla í heimsókn sem vildu fá kynningu á vinnustofunum.



Kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

- Verkefnið var kynnt á Vopnafirði á haustþingi kennara á Austfjörðum
- Langesbyggð tilnefndi Grunnskólann á Bakkafirði til nýsköpunarverðlauna í opinberri þjónustu og stjórnsýslu 2015. Við fengum viðurkenningu fyrir nýsköpun í opinberri þjónustu
- Verkefnið var kynnt í Framhaldskólanum í Mosfellsbæ
- Verkefnið var kynnt fyrir starfsfólki Brúarásskóla
- Starfsfólk Grunnskóla Hríseyjar kom í heimsókn og kynnti sér starfið
- Starfsfólk Grunnskólans Borgarfirði eystri kom í heimsókn og kynnti sér starfið
- Hrefna Ýr meistaranemi er að skrifa mastersritgerð um Vinnustofur. Hún hefur komið reglulega í heimsóknir í vetur. Tekið viðtöl við kennara, foreldra og börn.

Ánægjulegt er að segja frá því, að niðurstöður úr viðtölum allra viðmælenda hennar, bentu eindregið til þess að nemendur eru ánægðari og foreldrar líka. Einnig telja þau að þessi aðferð sé skilvirkari og stuðli að betri að námsárangri og ánægu í námi.

Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um

Við höfum verið að þróa vinnustofur síðan 2012. Þetta er í fyrsta sinn sem við sækjum um styrk frá Sprotasjóði. Reyndar var okkur boðið að taka þátt í þróunarverkefni sem Grunnskólinn á Þórshöfn stóð fyrir, en styrkurinn í því verkefni fór eingöngu til Þórshafnar. Í því þróunarverkefni, skiluðum við skýrslu í samstarfi við Ingvar Sigurgeirsson og nutum leiðsagnar hans.

Við ákváðum að sækja um styrk, en vorum hins vegar ákveðnar í að halda áfram með vinnustofur þó svo við fengjum ekki styrk. Það er okkur mikill heiður að fá þennan styrk og erum við Sprotasjóði mjög þakklátar. Með styrknum fengum við aukna möguleika á að þróa þessar vinnustofur. Styrkurinn hefur gefið okkur þann kost að kynna verkefni okkar betur fyrir öðrum skólum, einnig gafst okkur það tækifæri að opna betri heimasíðu fyrir skólann, þar sem allar upplýsingar um vinnustofur er að finna. Við náðum að útbúa bæklinga um vinnustofur sem eiga eftir að nýtast öðrum vel.

Að endingu viljum við þakka kærlega fyrir styrkveitninguna.



Heimildir

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2011). Aðalnámskrá - almennur hluti. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.